

## REGLUR

### um breytingu (15) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. reglnanna:

1. Orðin „svo og til diplomaprófs, sbr. 6. mgr.“ í 1. mgr. 91. gr. falla brott.
2. 3. másl. 2. mgr. 91. gr. fellur brott.
3. 6. mgr. 91. gr. fellur brott.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. reglnanna:

1. Fyrirsögn 92. gr. breytist og verður: B.A.-nám í lögfræði.
2. 2. mgr. 92. gr. fellur brott.
3. Orðin „og diplomaprófs“ í 3. mgr. 92. gr. falla brott.
4. Orðin „og diplomaprófs“ í 4. mgr. 92. gr. falla brott.
5. Orðin „(í BA-námi og diplomanámi)“ og „og diplomaprófs“ í 5. mgr. 92. gr. falla hvarvetna brott.
6. 7. mgr. 92. gr. fellur brott.
7. Orðin „og diplomanámi“ og „eða diplomanámi“ í 8. mgr. 92. gr. falla brott.
8. Orðin „eða diplomanámi“ í 9. mgr. 92. gr. falla brott.
9. 2. másl. 10. mgr. 92. gr. fellur brott..

#### 3. gr.

Þriðja málsgrein 93. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Í framhaldsnámi skal stúdent velja sér efnissvið til ritgerðar eða annars lokaverkefnis. Stúdent skal velja einn af kennurum deildarinnar sem umsjónarkennara í því námi og skal valið háð samþykki kennarans og lagadeildar. Stúdent skal þreyta próf úr efni ritgerðar eða lokaverkefnis og skal tekið tillit til frammistöðu hans þegar gefin er einkunn fyrir ritgerðina eða verkefnið. Í stað prófs má gefa stúdent kost á að gera grein fyrir efni ritgerðar eða verkefnis opinberlega. Stúdent getur ekki lokið ritgerð eða lokaverkefni nema hann hafi áður staðist próf í námsgreinum sem vega að minnsta kosti 35 einingar alls. Lagadeild setur reglur um kröfur sem gerðar skulu til ritgerðar og lokaverkefnis, einingafjölda þeirra og hlutverk umsjónarkennara.

#### 4. gr.

Upphafsmálsliður 5. mgr. 101. gr. reglugerðar nr. 458/2000 breytist og verður svohljóðandi:

Deildin skiptist í eftirtaldar skorir: Íslenskuskor, sagnfræðiskor, heimspekiskor, bókmenntafræði- og málvísindaskor, enskuskor, skor þýsku og Norðurlandamála og skor rómanskra og klassískra mála.

#### 5. gr.

Við 6. mgr. ákvæða til bráðabirgða bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Þrátt fyrir það skulu ákvæði 3. mgr. 93. gr. reglna þessara gilda um alla stúdenta frá og með 1. janúar 2004, en lagadeild getur veitt undanþágu frá því til 1. janúar 2005.

6. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 28. apríl 2003.*

**Páll Skúlason.**

\_\_\_\_\_  
*Tryggvi Þórhallsson.*